

Aðalskipulag Skorradalshrepps 2010 - 2022 mkv: 1 : 50.000 (A3)

Breytingin felst í að opið svæði (tjaldsvæði og golfvöllur) og Verslunar- og þjónustusvæði, breytist í svæði fyrir frístundabyggð (svæði D).

1. Inngangur

Hér er um að ræða 7 ha svæði á jörðinni Indriðastaðir í Skorradal, sem nefnist Dyrholt. Hafa landeigendur hug á að óska eftir breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem svæðinu yrði breytt úr verslunar- og þjónustusvæði í svæði fyrir frístunda byggð. Auk þess liggur fyrir tillaga að breytingu á deiliskipulagi svæðisins, sem auglýst er samhliða aðalskipulagsbreytingu þessari. Í deiliskipulagsbreytingunni er gert ráð fyrir átta frístundalöðum og svæði sem ætlað er fyrir útivist og skógrækt.

2. Forsendur

Núverandi landeigendur hafa hug á að nýta landið undir frístundabyggð í stað verslunar- og þjónustu. Skorradalshreppur er vinsæll og eftirsóttur staður fyrir frístundabyggð og vilja landeigendur dvelja þar í sínum frítíma og njóta staðarins og því sem hann hefur upp á að bjóða.

3. Stefna í Aðalskipulagi Skorradalshrepps 2010 - 2022

Aðalskipulagsbreyting þessi er í samræmi við þau markmið og stefnu sem fjallað er um í Aðalskipulagi Skorradalshrepps 2010 - 2022. Í kaflanum meginmarkmið hreppnefndar bls. 3 segir að eitt af helstu stefnumiðum sveitarstjórnar í byggðarþróun sé að skapa góð atvinnu-, búsetu- og frístundaskilyrði í fallegu og öruggu umhverfi.

Í kafla IV. Umhverfisskýrsla á bls. 51, samantekt segir m.a.:

Í tillögunni er mörkuð sú meginsteina að landnotkun á skipulagssvæðinu verði fyrst og fremst til landbúnaðar, sbr. skilgreiningu jarðalaga nr. 81/2004 um landbúnað. Stefnt er að fjölgun íbúa á skipulagstímabilinu er því víða gert ráð fyrir íbúða- og frístundasvæðum, lögð áhersla á að lóðir á slíkum svæðum séu frekar leigðar en seldar til að tryggja sjálfbærni jarða. Samtara þessu er lögð áhersla á uppbyggingu verslunar- og þjónustu, sem og sköpun annarra atvinnutækifæra. Þá er gert ráð fyrir margvíslegri aðstöðu til frístundaíðkunar auk þess sem mörkuð eru óbyggð svæði, sem henta vel til útivistar.

Í kaflanum, Umhverfisáhrif á bls. 52 segir:


Fyrirhuguð frístundabyggð er talin styrkja byggð og auka eftirspurn eftir þjónustu. Líkt og með íbúðarbyggð er frístundabyggð þó talin hafa neikvæð áhrif á margvíslega þætti s.s. á landslag og gróðurfar, samtara aukinni hættu á mengun.

4. Skipulagssvæðið og staðhættir

Svæðið sem aðalskipulagsbreytingin nær yfir er flatlent, framræst, mói og tún í um 70 m h.y.s. Á svæðinu hafa þegar verið byggð fimm hús. Aðkoma er frá heimreið að Indriðastöðum.

5. Aðalskipulagsbreyting

Sem fyrr segir er svæðið sem um ræðir sjó h að stærð. Í gildandi Aðalskipulagi Skorradalshrepps 2010 - 2022 eru þar af 2 ha skilgreindir sem verslunar- og þjónustusvæði og 5 ha opið svæði þar sem m. a. er gert ráð fyrir golfvelli og tjaldstæði. Í aðalskipulagsbreytingunni er gert ráð fyrir að hluti opins svæðis þ.e. tjaldsvæði verði breytt og skilgreint sem svæði fyrir frístundabyggð og tilheyrja flokki, F-1 sbr. ákvæði í gildandi aðalskipulagi, sem merkir að lóðir eru ýmist leigðar út eða seldar. Ekki er gert ráð fyrir tjaldsvæði í breyttu aðalskipulagi. Ekki er gert ráð fyrir að þörf sé á sérstöku verslunar- og þjónustusvæði fyrir golfvöll.



Aðalskipulag Skorradalshrepps 2010 - 2022 - eftir breytingu

Í töflu 24 í greinargerð Aðalskipulags Skorradalshrepps 2010 - 2022 m.s.br. bætist eftirfarandi liður við: Indriðastaðir, svæði D (nýtt frístundasvæði)

Jörð	Heildarstærð svæða	Flokkur	Svæði	Lýsing á afmörkun
Indriðastaðir	7 ha	F1	D	Sjá skipulagsupprátt

Beyting á lið 11, í töflu 23. Heiti frístundabyggðar á einstökum jörðum, flokkun og stærð svæða, bls. 85 sem er:

Jörð	Svæði	Flokkur	Stærð svæða (ha)
Indriðastaðir	A+B+C	F-1	160

verður:

Jörð	Svæði	Flokkur	Stærð svæða (ha)
Indriðastaðir	A+B+C	F-1	167

Liður 4, í Töflu 26. Yfirlit yfir verslunar- og þjónustusvæði, stærð og eðli, bls 90, fellur út.

Liðurinn er eftirfarandi:

Jörð	Stærð (ha)	Staðsetning	Eðli
Indriðastaðir	2	Í tengslum við golfvöll	Þjónusta við golfvöll

7. Fornleifar

Fyrir liggur fornleifaskráning: *Aðalskráning fornminja í Skorradal. Niðurdalur, unna af Fornleifastofnun Íslands, útgefið, Reykjavík 2019.* Indriðastaðir - Dyrholt í Skorradal er hluti af þeirri skráningu. Samkvæmt henni eru skráðar þrjár fornleifar á svæði breytingar aðalskipulags. Þetta eru þústir, en hlutverk minjanna er ekki þekkt en ekki ólíklegt að þær hafi gegnt hlutverki fjárskýla. Taka skal tillit til skráðra fornleifa, þ.e. að verndun fornleifa sé höfð að leiðarljósi við gerð deiliskipulags.

8. Áhrifamat

Svæðið er ekki á verndarsvæði og að hluta byggt og er því þegar raskað. Frekari uppbygging mannvirkja á svæðinu mun hafa einhver neikvæð áhrif á ásynnd og landslag. Dreigið er úr neikvæðum áhrifum eins og hægt er, með því að leggja til að sett verði í skilmála deiliskipulags, að mannvirki skuli falla að svípmóti lands og skal lita- og efnisval miða við náttúrulega líti í umhverfinu. Frístundabyggð þessi er talin hafa jákvæð áhrif á samfélag þar sem hún mun styrkja byggð, skapar atvinnutækifæri og auka fjölbreytni í atvinnulífi.



Aðalskipulagsbreyting þessi, sem kynnt hefur verið samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og auglýst samkvæmt 31. gr. sömu laga var samþykkt í hreppnefnd þann 20

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann..... 20